

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Íslandspóstshf.

I.

Fullskipað kjararáð hefur í dag kveðið upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir samkvæmt lögum nr. 47/2006. Meðal þeirra er forstjóri Íslandspóstshf., en hlutafélagalögum nr. 2/1995 var breytt með fyrrnefndum lögum, þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör forstjóra og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

II.

Kjararáð skrifaði forstjóra og stjórn Íslandspóstshf. bréf 22. september 2009 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og á hlutafélagalögum nr. 2/1995. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Fjármálaráðuneyti var skrifað 19. október 2009 og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri.

Formaður stjórnar svaraði með bréfi dagsettu 15. október 2009. Bréfinu fylgdu ráðningarsamningur og ársskýrsla. Í bréfinu kom meðal annars fram að með sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnar Íslandspóstshf. 28. janúar 2009 hefðu forstjóri og aðrir framkvæmdastjórnarmenn lækkað laun sín, forstjóri um 15% en framkvæmdastjórnar um 10%. Samkvæmt starfskjarastefnu Íslandspóstshf. á framkvæmdastjórn rétt á greiðslu árangurstengdra launa. Geta árangurstengdar greiðslur, sem háðar eru afkomu félagsins, hæst numið einum mánaðarlaunum. Vegna ársins 2008 hafi forstjóri fengið hálf mánaðarlaun í slíka greiðslu. Í föstum mánaðarlaunum sé innifalin öll vinna fyrir félagið og ekki sé greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Önnur störf fyrir félagið svo sem seta í stjórnnum dótturfélaga, ráðum, nefndum og stjórnnum sem tengist rekstri félagsins séu ekki launuð sérstaklega. Við ákvörðun launa forstjórans hafi verið litið til ábyrgðar hans í starfi, umfangs rekstrar og efnahagsreiknings og hafi í því sambandi verið tekið mið af launum forstjóra sambærilegra hlutafélaga sem ekki séu í eigu ríkisins. Þá hafi verið litið til algengrar yfirvinnu forstjórans sem metin sé um 80 klst. á mánuði auk þátttöku í ýmsum athöfnum tengdum rekstri félagsins. Stjórn Íslandspóstshf. lítur svo á að breytingar sem kjararáð kunni að gera geti ekki rýrt rétt forstjórans samkvæmt gildandi ráðningarsamningi og muni launabreyting því fyrst taka gildi að loknum umsömdum uppsagnarfresti sem sé 12 mánuðir. Stjórnin geri ráð fyrir því að við ákvörðun launa forstjórans muni kjararáð meta sérstaklega laun fyrir þá vinnu sem látin sé í té utan hins daglega vinnutíma og talinn sé þáttur í venjubundnu starfi forstjórans. Þá beri að taka tillit til þeirrar sérstöku sjálfstæðu ábyrgðar sem á forstjóra hvíli samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög og samkvæmt öðrum lögum sem um hlutafélög gildi sérstaklega umfram aðra, til dæmis starfs-

menn ríkisstofnana. Starfsmenn Íslandspóst hf. séu nú um 1.100 talsins og starfstöðvar félagsins um 90.

Forstjórinn svaraði með bréfi dagsettu 6. nóvember 2009. Bréfinu fylgdi ráðningarsamningur og kom fram í bréfi forstjórans að greitt hefði verið eftir þeim samningi til þessa, þó með þeirri undantekningu að forstjóri hefði ákveðið í janúar að lækka laun sín frá og með febrúar 2009 til ársloka um 15%. Sú ákvörðun hefði verið tekin að teknu tilliti til aðgerða í rekstri Íslandspóst hf. í kjölfar efnahagssamdráttar svo og tilmæla ríkisstjórnar Íslands um lækkun launa stjórnenda. Umsamin launafjárhæð í ráðningarsamningi feli í sér greiðslur fyrir dagvinnu og yfirvinnu sem væri töluverð í hverjum mánuði. Íslandspóstur hf. starfi á grundvelli laga um hlutafélög og hafi við launaákvörðun forstjóra að hluta verið tekið tillit til þeirra sjálfstæðu kvaða og bótaábyrgðar sem á forstjóra Íslandspóst hf. hvíli á sama hátt og stjórnendum annarra hlutafélaga umfram það sem almennt eigi við um forstöðumenn ríkisstofnana.

Í ráðningarsamningi er meðal annars fjallað um verksvið og ábyrgð forstjórans. Hann stjórnar daglegum rekstri og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrarleg og fjárhagsleg málefni félagsins og umsjón með eignum þess. Hann skal vinna að stefnumótun. Forstjóri ber ábyrgð gagnvart félagsstjórn á daglegum rekstri. Hann stjórnar ráðningu starfsmanna og uppsögn þeirra. Í samningnum er og fjallað um laun og önnur starfskjör, svo sem lífeyrissjóðsgreiðslur, bifreiðahlunnindi, líf-, slysa- og sjúkratryggingar, orlof o.fl. Launagreiðandi greiðir samtals 18% af heildarlaunum í viðurkenndan lífeyrissjóð og séreignasjóð að vali forstjóra. Fram kemur að forstjórinn skuli hafa bifreið til afnota í eigu félagsins og skuli rekstur hennar greiddur af félaginu. Þá greiðir fyrirtækið símakostnað forstjóra. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er tólf mánuðir.

Svar fjármálaráðuneytisins barst í bréfi dagsettu 29. október 2009. Í bréfinu sagði meðal annars að Íslandspóstur hf. væri sjálfstætt hlutafélag í eigu ríkisins. Það hefði orðið til þegar Pósti og síma hefði verið skipt upp í upphafi ársins 1998 og hefði kjaranefnd á sínum tíma úrskurðað um launakjör póst- og símamálastjóra. Teldi ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfði til þess auk annarra viðmiða við ákvörðun á launakjörum forstjórans.

Með bréfi dagsettu 18. janúar 2010 kynnti kjararáð forstjóra Íslandspóst hf. drög að fyrirhuguðum úrskurði um almennar forsendur ákvörðunar um laun, svo og fyrirhugaða ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og gaf honum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðið.

Forstjórinn sendi bréf dagsett 1. febrúar 2010. Í bréfinu sagði að ekki yrði ráðið af bréfi kjararáðs hvað réði nákvæmlega fyrirhugaðri ákvörðun ráðsins um launaflokk og einingafjölda og ætti hann því óhægt um vik með að taka afstöðu til ráðgerðra launakjara, þar með talið hvort viðeigandi innbyrðis samræmis væri gætt, bæði gagnvart embættismönnum og framkvæmdastjórum hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins. Óskaði hann eftir ítarlegri upplýsingum þar að lútandi. Hann benti á að framkvæmdastjórar hlutafélaga gætu borið skaðabótaábyrgð vegna starfa sinna, sbr. 134. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 og almennar reglur skaðabótaréttar. Ýmsir þeir sem heyrðu undir kjararáð nyttu meiri réttarverndar á grundvelli laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki yrði séð að lækkun samkvæmt fyrirhugaðri ákvörðun kjararáðs gæti fallið undir meðalhóf. Eðlilegt væri að réttaráhrif ákvörðunar kjararáðs miðaðist við tiltekinn dag í framtíðinni þannig að líta mætti svo á að núgildandi launakjörum hefði í reynd verið sagt upp í samræmi við samningsbundinn uppsagnarfrest.

Kjararáð sendi forstjóranum bréf, dagsett 9. febrúar 2010, og gaf honum kost á að koma frekari sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við ráðið. Bréfinu fylgdi rökstuðningur

kjararáðs fyrir fyrirhugaðri ákvörðun um launakjör þar sem meðal annars kom fram við hvað hún væri miðuð.

Forstjóri Íslandspósts sendi bréf, dagsett 18. febrúar 2010. Í bréfinu sagði meðal annars að enda þótt tiltekið væri við hvaða embættismenn væri miðuð þegar kjararáð tæki ákvörðun um laun hans, ætti hann sem fyrr óhægt um vik með að taka afstöðu til ráðgerðra launakjara, þ.m.t. hvort viðeigandi innbyrðis samræmis væri gætt, bæði gagnvart embættismönnum og öðrum framkvæmdastjórum hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins. Taldi hann að nægar upplýsingar hefðu ekki komið fram í bréfi kjararáðs til þess að tryggja að andmælaréttur hans væri virtur. Hann ítrekaði umfjöllun í fyrra bréfi sínu um að ákveðinn munur væri á forstjórum opinberra stofnana annars vegar og forstjórum hlutafélaga hins vegar hvað við kæmi lagalegri ábyrgð. Auk þess nytu opinberir starfsmenn meiri réttarverndar á grundvelli laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en framkvæmdastjórar hlutafélaga og hefði sú réttarvernd verið talin hluti af kjörum þeirra. Áskildi hann sér rétt til þess að koma að frekari sjónarmiðum á síðari stigum ef kjararáð yrði við ósk hans um ítarlegri upplýsingar varðandi forsendur sem byggju að baki ákvörðun um launaflokk og einingafjölda.

III.

Í samþykktum fyrir Íslandspóst hf. segir að tilgangur félagsins sé að veita hvers konar pósthjónustu og hafa á hendi fjármálalega umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem þar um gilda, að reka verslun með varning og búnað sem tengist starfsemi félagsins, að hafa á hendi flutningastarfsemi, fasteignarekstur og lánastarfsemi og að reka aðra skylda starfsemi sem nauðsynleg er til þess að tilgangi félagsins verði náð. Félaginu er heimilt að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum, svo og að reka aðra skylda starfsemi sem nauðsynleg er til þess að tilgangi félagsins verði náð. Félaginu er heimilt að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum svo og að stofna félag eða félög sem alfarið verði í eigu þess til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ákveðið skiptingu þess. Hlutverk félagsins er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna svo og á öðrum sviðum sem tengjast þeirri starfsemi.

Í ársskýrslu félagsins fyrir árið 2008 segir í ávarpi forstjóra að íslenska ríkið hafi lögum samkvæmt einkarétt á pósthjónustu á Íslandi. Í tilskipun Evrópusambandsins [um sameiginlegar reglur um þróun pósthjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði pósthjónustunnar] hafi einkarétturinn verið takmarkaður stig af stigi og nái nú til áritaðra bréfa allt að 50 g. Ríkisvaldið hefði falið Íslandspósti hf. að annast þjónustu samkvæmt þessum einkarétti en honum fylgi sú skylda að annast svokallaða alþjónustu sem felist í því að tryggja öllum landsmönnum jafnan aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustunnar. Í tilskipun Evrópusambandsins segi að einkaréttur í pósthjónustu verði almennt afnuminn í ársbyrjun 2011.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmaeltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun

alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórnar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna forstjóra Íslandspósts hf., þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars tekið mið af mánaðarlaunum forstjóra Landhelgisgæslunnar og ríkisskattstjóra, en þeir eru í launaflokkum 135 og 137. Kjararáð hefur við ákvörðun einingafjölda gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, herra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félaga í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í úrskurðarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Íslandspósts hf.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2010 skulu mánaðarlaun forstjóra Íslandspósts hf. vera samkvæmt launaflokki 502-136, nú 705.192 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Kjósi forstjóri Íslandspósts hf. að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili forstjórans greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna, þ.m.t. vegna árangurstengingar launa, nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi forstjóra Íslandspósts hf.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson